



Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 6. júní 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Kjalarnes, Árvellir


Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Árvalla á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að vegna nýs deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg er afmörkun skipulags Árvalla breytt þannig að þau miða við veghelgunarsvæði vegarins. Einnig breytist aðkoman að svæðinu, samkvæmt uppdrætti Landslags ehf., dags. 6. mars 2018. Tillagan var auglýst frá 28. mars 2018 til og með 9. maí 2018. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt
Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskjal: uppdrætti Landslags ehf., dags. 6. mars 2018



Gildandi deiliskipulag Árvalla samþykkt 20.06.2000 mkv 1:2000

Tillaga að breytingu deiliskipulags Árvalla mkv. 1:2000



Hluti gildandi aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, samþykkt 24.02.2014

Greinargerð

Markmið: Vegna nýs deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg er afmörkun deiliskipulags Árvalla breytt þannig að þau miðast við veghelgunarsvæði Vesturlandsvegur. Einnig breytist aðkoman.

Texti fyrir breytingu: Lagður verður nýr aðkomuvegur að Árvöllum og núverandi tenging lögð af. Veginn skal leggja samsíða hringvegi í framhaldi af Esjuvegur, utan helgunarlínu hringvegarins, þaðan upp með landamerkjaskurði Árvalla og Esjubergs. Kvöð skal vera á heimreiðinni um að heimilt sé að tengja inn á land Esjubergs, þegar og ef borgaryfirvöld óska eftir því. Eins skal vera kvöð á göngustíg með suðurlandamerkjum Árvalla fyrir gangandi umferð til fjalls eins og sýn er á uppdrætti.

Eftir breytingu: Núverandi aðkomuvegur mun tengjast beint inn á nýjan hliðarveg (framlenging af Esjuvegi) sem lagður verður meðfram Vesturlandsvegi frá núverandi tengingu við Vesturlandsveg suðaustur að Grundará. Sjá nánari afmörkun á uppdrætti.

Að öðru leiti er vísað í greinargerð deiliskipulagsins samþykkt 20.06.2000

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____ 20__

og í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

- Skýringar
- Svæði sem skipulag nær til
 - Byggingarreitur
 - Mörk helgunarsvæðis hringvegur
 - Möguleiki á gróðursett skjólbelti
 - Kvöð um gróðursett skjólbelti
 - Mörk deiliskipulagsbreytingar

Reykjavík – Árvellir
Deiliskipulagsbreyting – Tillaga
Breyting á afmörkun

KVARDI-A2: 1:2000	TEIKN NR: 101
DAGS: 06.03.2018	HANNAÐ: FK / HN
FLOKKUR: 0000-reyk-A	TEIKNAD: HN / ER
SKRÁ: 17178-Árvellir-dskbr	VERKNR: 17178



